

Fundur skólanefndar FVA

16. febrúar 2022 kl 16-17

Mættir: Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari, Dröfn Viðarsdóttir, aðstoðarskólameistari, Guðrún Lind Gísladóttir, fjármálastjóri, Jónína Halla Víglundsdóttir, áfangastjóri. Þórdís Þórisdóttir, Helga Kristín Björgólfssdóttir, Ingþór Bergmann Þórhallsson, Viktor Elvar Viktorsson. Dröfn Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara. Fulltrúi nemenda, Helgi Hrafn, var fjarverandi.

Dagskrá fundarins

1. Nám og kennsla í kófi
2. Fjárhagsáætlun og stefnumiðuð ríkisáætlun til 2024
3. Stofnanasamningar
4. Endurskoðun námskrár FVA
5. Húsnæðismál
6. Önnur mál

Steinunn Inga setti fundinn.

1. Nám og kennsla í kófi

Dröfn fór yfir stöðuna í FVA í covid. Skólastarfið hefur gengið vel, ekki eru margir nemendur og starfsmenn í einangrun þessa stundina. Kennslan á þessari önn hefur verið með hefðbundum hætti í staðkennslu með grimum og öðrum sóttvörnum. Nýjar sóttvarnareglur gera okkur kleift að hafa félagslíf nemenda með býsna eðlilegum hætti og stefnt er að fyrsta dansleik 24. febrúar.

2. Fjárhagsáætlun og stefnumiðuð ríkisáætlun til 2024

Guðrún Lind fór yfir uppgjör síðasta árs. Það er búið að senda fjárhagsáætlun fyrir þetta ár en ekki búið að færa inn fjárlög. Við skilum ársskýrslu í lok mánaðarins til fjársýrslu ríkisins. Guðrún benti á að árið 2020 væri ekki gott til samanburðar þar sem starfsemin var ekki hefðbundin vegna covid. Guðrún fór yfir helstu tölur og skýrði helstu breytingar milli ára. Guðrún sagði frá því að áætlaður nemendafjöldi fyrir 2021 var of mikill.

Steinunn Inga fór yfir stefnumiðuða ríkisáætlun. Búið er að stafesta áætlun skólans til ársins 2024. Meðal mælanlegra markmiða var að styðja við nemendur með annað móður mál en íslensku, styðja sérstaklega við nemendur með D á samræmdu grunnskólaprófi og auka fjölbreytni í námsframboði og hlutdeild skapandi greina. Steinunn fór yfir helstu leiðir að þessum markmiðum. M.a. foreldrafundi fyrir nemendur með erlent ríkisfang, stuðningur og viðtöl við erlenda nemendur og nemendur með D í grunnskólaeinkunn.

Spurt var um hlufall erlendra nemenda í skólanum. Jónína sagði að þetta væri um 20 nemendur í dagskóla.

3. Stofnanasamningar

Steinunn Inga sagði frá þeim stofnanasamningum sem gerðir voru á síðasta ári. Endurnýjaður samningur við KÍ, KVK, SBU, VLFA og verður endurnýjaður við Sameyki á þessu ári. Viktor formaður

skólanefndar lýstir yfir ánægju með að þessir samningar séu í höfn. Starfsandinn í skólanum hefur batnað mikið.

4. Endurskoðun námskrár FVA

Jónína Halla sagði frá endurskoðun skólanámskrár sem byrjaði í haust og á að klárast í maí. Bæði er verið að endurskoða almennan hluta skólanámskrár, áfanga og brautalýsingar. Jónína sagði frá vinnulaginu. Rýni brauta hefur farið fram í starfshópi með nokkrum kennurum. Bæði kennara og nemendur eru kallaðir til samráðs við endurskoðun almenns hluta. Lokaprófum hefur fækkað mikið og mikið af skapandi lausnum í verkefnum og námsmati.

Steinunn Inga sagði frá rafrænni ferillbók í verknámi sem er óðum að taka á sig mynd. Þar er haldið utan um námsferil nema í verknámi.

5. Húsnæðismál

Steinunn Inga þeim framkvæmdum sem eru í gangi núna. Verið er að endurnýja aðstöðu starfsbrautar, náms- og starfsráðgjafa og wc. Verkið hefur staðið alltof lengi, gengur mjög seint en lýkur vonandi fyrir vorið. Þrýsta þarf á leigusala að halda áfram yfir í hinn helming B álmu sem þarf einnig á endurnýjun að halda.

6. Önnur mál:

Opnir dagar og árshátíð NFFA í síðustu viku gekk vel. Áætlað er að halda danskeik 24. febrúar. Viktor hvatti til að stuðnings við félagslíf nemenda og var tekið vel í það.

Í skólanum er starfandi spannarnefnd sem er að skoða hvort það sé betra fyrir skólstarfið að breyta skólanum úr því að vera 2 annir á hverju skólaári í 3 eða 4.

Steinunn Inga sagði frá væntanlegum mannráðningar fyrir haustið, m.a. eru 3 kennarar að fara í námsleyfi.

Skólanefnd lýsti ánægju sinni með upplýsingamiðlun frá skólanum, vef, instagram, Skruddu o.fl.

Fundir slitið kl 17

Dröfn Viðarsdóttir

fundarritari